

Fréttatilkynning:

Tekjur atNorth hafa aldrei verið hærrí

Hafnarfjörður, 12. júlí 2023

Tekjur samstæðu atNorth árið 2022 námu 7,5 milljörðum króna og uxu um 44% frá árinu 2021. Tekjuvöxtur félagsins hefur verið ör allt frá stofnun árið 2009 og er búist við umtalsverðum vexti næstu árin. Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) nam 1,2 milljörðum króna í fyrra, en lækkaði milli ára þar sem félagið lagði megin áherslu á uppbyggingu teyma og innviða til að mæta framtíðarvexti.

atNorth rekur nú sex gagnaver, á Íslandi, í Svíþjóð og Finnlandi, og hyggur á frekari landvinninga næstu árin. Vöxtur félagsins kallar á gríðarlegar fjárfestingar og hefur félagið tryggt sér aðgang að fjármagni til vaxtarins. Fjárfesting ársins 2022 nam um 3 milljörðum króna en þegar liggur fyrir að fjárfestingar þessa árs verða umtalsvert meiri.

Eyjólfur Magnús Kristinsson, forstjóri atNorth, þakkar starfsfólkinu góðan árangur félagsins. „*Innan atNorth hefur byggst upp gríðarleg þekking á undanförunum árum. Viðskiptavinir kunna að meta þjónustuna og hún er lykillinn að góðu orðspori atNorth.*“ segir Eyjólfur Magnús. Hann segir jafnframt mikinn styrk fólginu í oflugum bakhjarli félagsins, *Partners Group* sem keypti meirihluta hlutafjár í félaginu í byrjun árs 2022.

Eftirspurn eftir gagnavers- og ofurtölvuþjónustu hefur aukist mikið samhliða sitengingu samfélagsins og tæknivæðingu þar sem fyrirtæki reiða sig á ofurtölvur til að framkvæma sífellt flóknari útreikninga. Eyjólfur Magnús segir að aðstæður hérlandis og víðar á norðurslóðum stuðli að góðum rekstri, enda fari saman heppilegt veðurfar, sterkir stafrænir innviðir og gott fjárfestingarumhverfi. Þá sé áhersla atNorth á sjálfbæra orkunýtingu mikilvæg fyrir viðskiptavinum sem minnka sitt eigið vistspor með því að fela atNorth rekstur sinna tölvukerfa, enda dregur það úr tölvurekstri knúnum jarðefnaeldsneyti.

„*Raunar hlaut Ísland nýverið [The Tech Capital Location Award](#), en þau eru árlega afhent landssvæði sem þykir sérstaklega áhugavert fyrir uppbyggingu stafrænna innviða og fyrirtækja sem reiða sig á slíkt. Ísland er sannarlega komið á kortið og með góðu markaðsstarfi, frábærri þjónustu og góðu samstarfi við viðskiptavinum hefur atNorth skapað sér eftirsóknarverða stöðu á markaðnum,*“ segir Eyjólfur Magnús.

Um atNorth:

atNorth hefur frá 2009 verið brautryðjandi í hönnun, byggingu og rekstri hátæknigagnavera á Íslandi, Svíþjóð og Finnlandi. Meðal viðskiptavina atNorth eru alþjóðleg fyrirtæki og stofnanir sem starfa í fjölmörgum greinum, svo sem við rannsóknir, í heilbrigðisgeiranum, í genarannsóknnum, við framleiðslu, í fjármálaiðnaði og veðurfræði sem nýta þjónustur atNorth til þess að vinna gögn með hámarks afköstum á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Með staðsetningu gagnavera atNorth á Norðurlöndunum hefur fyrirtækið nýtt á snjallan hátt umhverfisaðstæður svo sem loftslag og nýtingu hita sem myndast í gagnaverunum til að ná fram betri orkunýtingu en þekkist annarstaðar við rekstur gagnavera ásamt því að knýja gagnaverin með endurnýjanlegri orku. atNorth hannar gagnaver sín með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi sem byggir á grunni endurnýjanlegrar orku og hagkvæmri orkunýtingu. Frekari upplýsingar um atNorth má finna á heimasíðu fyrirtækisins atnorth.com, einnig er hægt að fylgja atNorth á [Linkedin](https://www.linkedin.com/company/atnorth).

Nánari upplýsingar veitir:

Bylgja Pálsdóttir

í síma **894 9659**

bylgja.palsdottir@atnorth.com